

Hábrún hf
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 2. ágúst 2019
UST201908-012/H.S.J.
08.12.02


Efni: Fyrirvaralaust eftirlit, 07.06. 2019, hjá Hábrún.

Þann 7. júní sl. fór fram eftirlit í Hábrún, Skutulsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending er gerð er varðar staðsetningu eldis.

Virðingarfyllst


Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hábrún Skutulsfirði



Dags eftirlits	7.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Hábrún	Eftirlitsmaður	
Heimili	Stekkjargötu 11	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	450314-0640	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Kjartansson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið en ábending er gerð vegna eldis utan staðsetninga gildandi starfs- og rekstrarleyfa Hábrúnar og Sjávareldis og að rekstraraðili hefur hafið að vinna í samræmi við leyfi sem hefur enn ekki verið gefið út.

UMFANG EFTIRLITS

Við eftirlit Umhverfisstofnunar í Sjávareldi þann 7. júní sl. komu fram upplýsingar þess eðlis að Hábrún/Sjávareldi hefði hafið eldi utan þeirra svæða sem tiltekin eru í gildandi starfs- og rekstrarleyfum á þeirra höndum.

Skv. fulltrúa rekstraraðila hefur fyrirtækið hafið eldi á því svæði sem mun tilheyra eldinu eftir útgáfu nýs leyfis sem er í vinnslu hjá stofnuninni, þrátt fyrir að það hafi ekki verið gefið út.

Ekki er um að ræða brot á starfsleyfi, þar sem starfsleyfi gefið út af Heilbrigðisnefnd Vestfjarða árið 2008 tiltekur ekki nánari staðsetningu eldis en Skutulsfjörð.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að starfa skal í samræmi við gildandi starfs- og rekstrarleyfi. Starfsleyfi fyrir 700 tonna eldi regnbogasilungs á svæðinu hefur enn ekki verið gefið út.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.08.2019

Hulda Soffía Jónasdóttir